

Miðvikudagurinn 12. maí 1999 kl. 12:00

126. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 15/1999

**Notkun Nýju sendibílastöðvarinnar hf.  
á vörumerkinu Handlangarinn**

**I.**

**Erindið**

Í erindi til Samkeppnisstofnunar, dags. 8. febrúar 1999, kvartar Sveinn Jónatansson hdl. fyrir hönd Sigurðar Eggertssonar, eiganda vörumerkisins Handlangarinn, yfir notkun Nýju sendibílastöðvarinnar hf. á vörumerki og auglýsingu umbjóðanda hans. Notkun Nýju sendibílastöðvarinnar á vörumerkinu og auglýsingunni telur lögmaðurinn vera brot á 20., 21. og 25. gr. samkeppnislaga. Í erindinu segir:

*„Málavextir eru þeir að umbj. minn hefur frá árinu 1989 rekið atvinnustarfsemi undir nafninu Handlangarinn. Nafnið fékk hann skráð sem vörumerki 25. nóvember 1997 undir skráningarnúmerinu 1587/1997. Starfsemin er fólgin í notkun lyftu til flutnings á hinum ýmsu hlutum upp á hæðir bygginga sem eru allt að átta hæðir.*

*Í 9. tbl. Fasteignablaðsins 1997 birtist auglýsing frá kærða, sem er helsti samkeppnisaðili umbj. míns, þar sem hann auglýsti samskonar lyftuþjónustu undir vörumerkinu Handlangarinn. Taldi umbj. minn að með notkun vörumerkisins væri verið að brjóta gegn samkeppnislögum og lögum um vörumerki. Var brotið gróft að því leyti að auk þess að nota vörumerki umbj. míns þá notaði kærði bæði texta og myndir úr auglýsingu umbj. míns í sinni auglýsingu<sup>1</sup>. Auglýsing umbj. míns var hins vegar gerð 1989 og verið óbreytt síðan. Var undirrituðum falið að gæta hagsmuna Sigurðar vegna þessa brots*

---

<sup>1</sup> Þess má geta að á annarri myndinni er mynd af umbj. mínum að störfum. Þegar það er haft í huga að hér er um samkeppnisaðila að ræða þá má ljóst vera að hér er um sérstaklega gróft brot að ræða bæði á samkeppnislögum og höfundarétti.

og var kærða ritað bréf þar sem broti hans var mótmælt og þess krafist að auglýsingunum yrði þegar hætt auk þess sem krafist var skaðabóta.

Í svari lögmanns kærða kom fram að auglýsingin hafi verið birt fyrir mistök af hálfu þess fyrirtækis sem gaf Fasteignablaðið út og var ábyrgðinni varpað á það og mistökin hörmuð. Í ljósi þess að ekki var fullljóst um sök í málinu var því ekki haldið áfram í þeirri trú að kærði mundi virða vörumerkja- og höfundarétt umbj. míns í framtíðinni.

Því er hins vegar ekki að heilsa því að í nýútkominni þjónustuskra Gulu línunnar, sem nefnist A til Ö '99, er auglýsing frá kærða á bls. 246 þar sem kærði auglýsir lyftuþjónustu sína undir vörumerkinu Handlangarinn og birtir með þá sömu mynd og áður, þ.e. mynd umbj. míns af honum sjálfum að störfum með sitt eigið tæki.

Verður að telja að hér sé um óréttmæta viðskiptahætti sem fela í sér gróft og ítrekað ásetningsbrot gegn VI. kafla samkeppnislaga nr. 8/1993 og þá sérstaklega 21., 22. (sic) og 25. gr. laganna. Er gerð krafa um að framangreind notkun verði bönnuð á grundvelli 51. gr. samkeppnislaga og að kærði, forsvarsmenn hans og eftir atvikum starfsmenn verði beittir þyngstu viðurlögum sem við brotinu liggja skv. XIII. kafla samkeppnislaga. “

Með erindinu fylgdu ýmis gögn s.s. skráning Einkaleyfastofunnar á vörumerkinu Handlangarinn og auglýsing sk. Handlangara sem sýnir kvartanda að störfum við tæki sitt. Þá fylgdu einnig afrit auglýsinga Nýju sendibílastöðvarinnar þar sem vörumerkið Handlangarinn er notað sem og myndir úr fyrrnefndri auglýsingu kvartanda. Einnig fylgdu afrit bréfaskrifta lögmanns kvartanda og lögmanns Nýju sendibílastöðvarinnar út af sama máli frá september og nóvember 1997.

## II.

### Málsmeðferð

#### 1.

Samkeppnisstofnun sendi erindið Nýju sendibílastöðinni til umsagnar. Svar barst frá Brynjólfi Eyvindssyni hdl., dags. 8. mars 1999, þar sem segir m.a.:

„Eins og fram kemur í erindi lögmanns Sigurðar kvartar hann yfir notkun Nýju sendibílastöðvarinnar hf. á vörumerki Sigurðar, þ.e. „Handlangarinn“. Um er að ræða auglýsingu frá Nýju sendibílastöðinni hf., sem birtist í síðasta hefti „Þjónustuskra Gulu línunnar frá A–Ö“.

Birting auglýsingarinnar eins og hún var framsett voru mistök, en á engan hátt var um að ræða ásetning af hálfu Nýju sendibílastöðvarinnar hf. að koma á framfæri villandi upplýsingum. Þá var ekki um að ræða ásetning af hálfu Nýju sendibílastöðvarinnar hf. að nota vörumerki Sigurðar í greindri auglýsingu.

Sigurður Eggertsson var sendibílfreiðastjóri á Nýju sendibílastöðinni hf. fram á vorið 1997. Á meðan Sigurður var þar tók hann að bjóða upp á sérstaka þjónustu varðandi búslóðaflutninga, sem fólst í því, að viðskiptavinir gátu, gegn greiðslu, fengið á leigu tæki sem flutt gat búslóðir upp margar hæðir. Á þeim tíma og lengi á eftir var Sigurður eini bifreiðastjórinn hjá Nýju sendibílastöðinni hf., sem bauð upp á þessa þjónustu. Nýja sendibílastöðin hf. kostaði allar auglýsingar vegna þessarar þjónustu Sigurðar fram til þess tíma er hann hætti akstri frá stöðinni, þ.á.m. auglýsingar í Fasteignablaðinu og Þjónustuskra Gulu línunnar. Þær auglýsingar voru eins á milli ára, þ.e. að minnst var á handlangarann og notuð mynd af honum í notkun.

Þegar Sigurður hætti akstri á Nýju sendibílastöðinni hf. voru fleiri bifreiðastjórar á stöðinni farnir að bjóða upp á þjónustu með svipuð tæki. Þau tæki hafa verið auglýst undir heitinu „Búslóðalyftan“ og ef mynd hefur verið notuð með þá er þar ekki um að ræða mynd af handlangara Sigurðar, sbr. meðfylgjandi auglýsingu úr Fasteignablaðinu frá febrúar 1998.

Eins og gögn bera með sér er fylgdu erindi lögmanns Sigurðar til Samkeppnisstofnunar, þá birtist vegna mistaka auglýsing úr Fasteignablaðinu í september 1997 og leyfi ég mér að vísa til þeirra gagna varðandi skýringu á þeirri birtingu. Vegna þess atviks vil ég þó áréttta, að það var ekki fyrr en þann 25. nóvember 1997, sem Sigurður skráði vörumerki sitt.

Hvað varðar birtingu auglýsingar á Þjónustuskra Gulu línunnar A–Ö '99 er þar um að ræða mistök, sem eru hörmuð. Þegar aðili frá skránni hafði samband við Nýju sendibílastöðina hf. varðandi auglýsingu í skránni var jafnframt spurt hvort sama auglýsing og frá árinu áður ætti að birtast. Vegna mistaka var það samþykkt, án þess að handrit af auglýsingunni væri lesið yfir. Voru aðilar í góðri trú að ekkert væri í auglýsingunni, sem þyrfti breytinga við.

Láðist því að taka út úr auglýsingunni, þann örstutta texta er fjallaði um handlangarann, sem og mynd af honum í notkun. Lögmaður Sigurðar bendir réttilega á, að Sigurður er á myndinni, en fullyrða má, að vegna smæðar myndarinnar er ekki nokkur leið að Sigurður þekkist á myndinni og enda snýr hann baki í myndavélina. Þá má einnig vekja athygli á því, að Nýja sendibílastöðin hf. tók þátt í kostnaði vegna myndatökunnar á sínum tíma, enda eins og áður er getið stóð félagið alfarið straum af auglýsingakostnaði Sigurðar vegna handlangarans frá upphafi og til þess tíma er hann fór frá félaginu.

Með vísan til framangreinds telur Nýja sendibílastöðin hf. Sigurð gera of mikið úr þessum augljósu mistökum sem urðu við birtingu auglýsingarinnar í Þjónustuskrá Gulu línunnar. Nýja sendibílastöðin hefur engan ávinning af að auglýsa handlangarann undir sínu nafni, en spurning er hvort Sigurður sé ekki sá eini sem auglýsingin hafi gagnast, a.m.k. hafa ekki, svo vitað sé, birst frá honum auglýsingar um handlangarann eftir að hann hætti akstri frá Nýju sendibílastöðinni hf.“

Með svarinu fylgdu afrit auglýsinga frá Nýju sendibílastöðinni. Á árunum 1994, 1995 og 1996 er þjónusta kvartanda auglýst undir nafni Nýju sendibílastöðvarinnar. Í auglýsingum frá 1998 og 1999 er sk. búslóðalyfta auglýst og notuð til þess ný mynd.

## 2.

Svar Nýju sendibílastöðvarinnar var sent lögmanni kvartanda til frekari athugasemda. Svar barst, dags. 19. mars sl., þar sem segir:

„Því er mótmælt að um mistök sé að ræða sem kærði beri ekki ábyrgð á. Það var hugsanlega hægt að skýla sér á bak við slíkt varðandi fyrra brot kærða en ekki þegar brotið er endurtekið með nákvæmlega sama hætti.

Kærða ber að tryggja að engar auglýsingar séu í gangi sem gangi gegn rétti annarra og þá sérstaklega samkeppnisaðila. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að um fáar auglýsingar er að ræða sem auðvelt er að hafa eftirlit með og að í bréfi sem lögmanni kærða var sent 4. nóvember 1997 var bent á að kærða bæri að tryggja að engar auglýsingar eða auglýsingafilmur væru í gangi sem gengju gegn rétti umbj. míns. Í framhaldi af fyrri auglýsingunni þá lýsti lögmaður kærða því yfir að kærði harmaði birtinguna og mátti ætla að ef einhver hugur fylgdi máli að kærði gerði lágmarksráðstafanir til þess að koma

*í veg fyrir að brotið endurtæki sig. Þess í stað þá endurtekur brotið sig með nákvæmlega sama hætti og frumleiki kærða er ekki meiri en svo að hann hefur ekkert fram að færa sér til málsbóta annað en að það hafi aftur átt sér stað mistök og að hann harmi að þau hafi átt sér stað. Þessum skýringum er alfarið mótmælt. Ef svona afsakanir væru almennt teknar gildar þá þyrfti enginn að taka ábyrgð á brotum sem þessum. Miðað við forsögu málsins verður að líta svo á að um ásetning hafi verið að ræða og að kærði beri fulla ábyrgð á því broti sem framið var og að beita eigi hann viðurlögum í samræmi við það.*

*Þótt niðurstaðan yrði sú að sök þætti ekki sönnuð þá leysir það kærða ekki undan sektarviðurlögum ef brot telst sannað þar sem að ekki er krafist sakar við beitingu þeirra viðurlaga skv. 57. gr. samkeppnislaga, sbr. 3. mgr. ákvæðisins.*

*Ýmsar fullyrðingar í bréfi lögmannsins varðandi málsatvik og samstarf aðila eru rangar. Hið rétta er að umbj. minn starfaði í byrjun á Sendibílastöð Kópavogs. Þar hóf hann þá starfsemi sem hann rekur undir nafninu Handlangarinn. Það var ekki fyrr en nokkru síðar að umbj. minn flutti sig yfir til kærða fyrir áeggjan þáverandi framkvæmdastjóra sem virtist telja ávinning í því fyrir kærða að geta boðið upp á þá þjónustu sem umbj. minn einn gat veitt á þeim tíma.*

*Það er jafnframt rangt að kærði hafi kostað auglýsingar á þjónustu umbj. míns. Hið rétta er að umbj. minn og kærði auglýstu saman á meðan umbj. minn starfaði með kærða og greiddi umbj. minn hluta af þeim kostnaði. Hvað varðar myndatökuna sjálfa þá er það rangt að um sé að ræða mynd sem kærði hafi greitt kostnað af. Myndin var tekin árið 1989 þegar umbj. minn vann hjá Sendibílastöð Kópavogs og er upphaflega prentfilman enn notuð. Þar sem myndin var tekin og notuð í kynningar umbj. míns löngu áður en hann hóf samstarf við kærða þá má ljóst vera að fullyrðingar kærða um að hann hafi tekið þátt í kostnaði fást ekki með nokkru móti staðist.*

*Þær vísitandi röngu skýrslur kærða sem að framan er getið eru brot á 2. mgr. 57. gr. samkeppnislaga og XV. kafla almennra hegningalaga og er þess krafist að Samkeppnisstofnun láti kærða bera fulla ábyrgð á þessu broti með því að kæra það til lögregluþyrvalda. Telji Samkeppnisstofnun að frekari sönnunargagna sé þörf varðandi þessi atriði þá er umbj. minn fús til þess að útvega þau auk þess sem þeir aðilar sem tengjast málinu eru tilbúnir til þess að gefa skýrslur.*

Lögmaður kærða vísar til þess að fyrra brotið hafi átt sér stað fyrir skráningu á vörumerki umbj. míns. Hvað þetta varðar er það að segja að á þeim tíma hafði umbj. minn fyrir löngu náð markaðsfestu með átta ára notkun sem kærða var fullljóst um, sbr. bréf til lögmannsins dags. 16. september 1997.

Kærði telur að hann hafi engan ávinning haft af umræddum auglýsingum. Samt sem áður auglýsir hann með óbreyttum hætti ár eftir ár. Í þessu felst þversögn. Umbj. minn telur að með auglýsingum sínum sé kærði að hagnýta sér þá viðskiptavild og viðskiptasambönd sem umbj. minn hafi skapað sér á liðnum árum og að kærði hafi áunnið sé ný viðskiptasambönd sem annars hefðu runnið til umbj. míns. Það vita allir sem starfa á þessum markaði að vörumerkið handlangarinn hefur áunnið sér mikla markaðsfestu á því þjónustusviði sem um ræðir og er því freistandi fyrir þá sem ekki hafa slíka markaðsfestu að reyna að notfæra sér hana með því að nota vörumerkið.

Undirritaður er þess fullviss að kærði mundi ekki una því ef nýr aðili á sviði sendibilþjónustu auglýsti í útbreiddustu auglýsingaritum landsins undir nafninu „Nýja sendibilastöðin“ og bæri síðan fyrir sig mistök og segðist engan ávinning hafa haft af því.

Kærði telur að umbj. minn geri of mikið úr því sem kallað er „augljósu mistökum“ og vísar í því efni til efni bréfs síns. Þessu er mótmælt með vísan til þess sem fram kemur í kæru og þessu bréfi. Þessi yfirlýsing sýnir hins vegar virðingarleysi kærða fyrir rétti umbj. míns á þessu sviði og þá um leið virðingarleysi hans fyrir samkeppnislögum, höfundalögum, lögum um vörumerki og almennum hegningalögum.

Lögmaður kærða telur að umbj. minn hafi fyrst og fremst haft ávinning af þeirri auglýsingu sem kærð er. Þessu er mótmælt sem röngu og órökstuddu. Það má vera hverjum manni ljóst að umbj. minn hefur engan hag af því að láta auglýsa Handlangarann í einu útbreiddasta auglýsingatímariti landsins undir nafni og símanúmeri kærða.

Því er jafnframt mótmælt að umbj. minn hafi ekkert auglýst þjónustu sína. Umbj. minn hefur að eigin sögn auglýst í sjónvarpi fyrir verulegar fjárhæðir í samvinnu við Sendibilastöð Kópavogs... Auglýsingar þessar hafa meðal annars verið nauðsynlegar til þess að vega upp á móti brotum kærða.“

Lögmaðurinn ítrekar að lokum fyrri rök um brot Nýju sendibílastöðvarinnar gegn ákvæðum samkeppnislaga.

### 3.

Þann 24. mars sl. sendi Samkeppnisstofnun svar lögmannsins lögmanni Nýju sendibílastöðvarinnar til frekari athugasemda. Frestur var veittur til 7. apríl sl. til svara. Svar barst ekki.

Með bréfi, dags. 21. apríl 1999, tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að gagnaöflun í máli þessu væri lokið. Jafnframt var lögmanninum tilkynnt að málið yrði lagt fyrir fund samkeppnisráðs til ákvörðunar.

## III.

### Niðurstaða

#### 1.

Á fundi samkeppnisráðs, þann 12. maí 1999, var ákvörðun tekin í máli þessu. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Skarphéðinn Þórisson.

#### 2.

Í máli þessu kvartar eigandi vörumerkisins Handlangarinn yfir því að Nýja sendibílastöðin noti skráð vörumerki hans, sem og auglýsingu, til að auglýsa þjónustu sendibílastöðvarinnar. Hér er um að ræða keppinauta sem báðir bjóða upp á þá þjónustu að flytja búslóðir úr og í hús með færanlegri lyftu. Kvartandi var fyrstur, og lengi vel sá eini, sem bauð þessa þjónustu við búslóðaflutninga. Fram hefur komið að umrædd auglýsing kvartanda var gerð árið 1989 en þá vann kvartandi hjá Sendibílastöð Kópavogs. Síðar vann kvartandi um tíma hjá Nýju sendibílastöðinni sem auglýsti þá Handlangarann og notaði til þess fyrrnefnda auglýsingu. Kvartandi hefur ekki unnið hjá Nýju sendibílastöðinni frá vorinu 1997.

Í máli þessu hefur komið fram að Nýja sendibílastöðin notaði vörumerkið Handlangarinn til að auglýsa eigin þjónustu í september 1997. Til þess notaði sendibílastöðin einnig myndir úr auglýsingu kvartanda. Nokkrir mánuðir voru þá liðnir frá því að kvartandi hætti þar störfum. Lögmaður kvartanda benti sendibílastöðinni þá á að auglýsingin bryti gegn rétti umbjóðanda hans. Nýja sendibílastöðin bar við að um mistök hefði verið að ræða og að ráðstafanir

hefðu verið gerðar til að þau myndu ekki endurtaka sig. Þrátt fyrir þetta notar Nýja sendibílastöðin vörumerkið Handlangarinn, og myndir úr auglýsingu kvartanda, nú einu og hálfu ári seinna aftur til að auglýsa þjónustu sína. Enn ber Nýja sendibílastöðin mistök fyrir sig sem ástæðu birtingarinnar.

Af hálfu lögmanns kvartanda er því haldið fram að notkun Nýju sendibílastöðvarinnar á vörumerkinu Handlangarinn og myndum úr auglýsingu kvartanda brjóti gegn 20., 21. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Í 20. gr. samkeppnislaga kemur fram að óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.

Í 21. gr. samkeppnislaga segir:

*„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.*

*Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“*

Þá segir m.a. í 25. gr. samkeppnislaga:

*„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarétt eða ábyrgð atvinnurekanda.“*

Af m.a. 20. gr. samkeppnislaga má ráða þann vilja löggjafans að í atvinnustarfsemi verði fyrirtæki að virða tiltekin siðferðisleg gildi. Fyrirtækjum er þannig uppálagt að viðhafa góða viðskiptahætti gagnvart keppinautum sínum og neytendum. Ekki hefur verið talið unnt að tilgreina fyrirfram í lögum hvað telja beri góða viðskiptahætti heldur er mat á því hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki lagt í hendur samkeppnisyfirvalda og dómstóla. Sökum þessa geta stjórnendur fyrirtækja ekki vitað fyrirfram í öllum tilvikum



hvort hegðun þeirra brýtur í bága við 20. gr. samkeppnislaga. Því er sú leið farin í samkeppnislögum að aðgerðir fyrirtækja sem taldar eru brjóta í bága við umræddar siðareglur geta ekki leitt til viðurlaga heldur aðeins til þess að bann verði lagt við því að aðgerðum sé haldið áfram. Sé hins vegar bann brotið er heimilt að beita viðurlögum. Þrátt fyrir að útilokað hafi verið talið að tilgreina nákvæmlega í lögum hvað teljist óréttmætir viðskiptahættir, verður að telja að með hliðsjón af almennum siðferðislegum gildum samfélagsins, viti stjórnendur fyrirtækja í meginþorra tilvika hvað sé siðferðislega verjandi í viðskiptum og hvað ekki. Þannig má ljóst vera að viðskiptaaðferðir sem sýnilega eru óheiðarlegar, ósanngjarnar, eða villandi gagnvart keppinautum eða neytendum eru andstæðar samkeppnislögum.

Fyrri málsliður 25. gr. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. vörumerki, sem annar á. Samkvæmt skráningu hjá Einkaleyfastofunni hefur kvartandi fullan rétt til vörumerkisins Handlangarinn. Notkun Nýju sendibílastöðvarinnar á vörumerkinu brýtur því í bága við ákvæði 1. ml. 25. gr. samkeppnislaga.

Samkeppnisráð telur að Nýju sendibílastöðinni hafi borið að gera ráðstafanir til að tryggja að auglýsing og vörumerki keppinautar væri ekki notað til framdráttar þjónustu sinnar. Þetta sé ekki síst mikilvægt þar sem sambærilegt mál kom upp á árinu 1997.

Samkeppnisráð telur að Nýja sendibílastöðin hafi með óhæfilegum hætti ætlað að nýta sér viðskiptavild kvartanda. Jafnframt er viðskiptaaðferð Nýju sendibílastöðvarinnar villandi gagnvart neytendum og til þess fallin að valda kvartanda tjóni. Þannig hefur Nýja sendibílastöðin brotið gegn 20., 21. og 25. gr. samkeppnislaga. Samkeppnisráð telur athæfi Nýju sendibílastöðvarinnar sérlega ámælisvert brot á góðum viðskiptaháttum þar sem fyrirtækinu hlaut að vera ljóst að hegðun þess var hvorki heiðarleg né sanngjörn gagnvart keppinauti.

Samkeppnisráð telur því nauðsynlegt að banna Nýju sendibílastöðinni að nota vörumerkið Handlangarinn og auglýsingu kvartanda þar sem slíkt er brot á góðum viðskiptaháttum og brýtur gegn vörumerkjarétti kvartanda.

## V.

### Ákvörðunarorð:

„Með því að nota vörumerkið Handlangarinn og auglýsingu á þeirri þjónustu hefur Nýja sendibílastöðin hf., Knarrarvogi 2, Reykjavík, brotið gegn 20. , 21. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Með heimild í 51. gr. sömu laga bannar samkeppnisráð Nýju sendibílastöðinni að nota vörumerkið Handlangarinn og auglýsingu á þeirri þjónustu.

Verði ekki farið að banninu mun samkeppnisráð beita viðurlögum XIII. kafla samkeppnislaga.“